



**ÚRVINNSLUSJÓÐUR**

## **ENDURNÝTING HJÓLBARÐA**

**SKILMÁLAR FYRIR ÞJÓNUSTUAÐILA  
OG  
RÁÐSTÖFUNARAÐILA**

SKILMÁLAR NR.

**ÚRVS – XVI – 02**



JÚLÍ 2006

# EFNISYFIRLIT

<b>1. ALMENNT .....</b>	<b>3</b>
1.1 FORSAGA.....	3
1.2 SKILGREININGAR HUGTAKA .....	3
1.3 YFIRLIT YFIR VERKEFNIÐ .....	5
1.4 FLÆÐIRIT .....	6
<b>2. SKILMÁLAR FYRIR ÞJÓNUSTUAÐILA.....</b>	<b>7</b>
2.1.1 Umsókn þjónustuaðila .....	7
2.1.2 Svæðaskipting .....	7
2.1.3 Tungumál.....	7
2.1.4 Ráðstöfun hjólbarða .....	7
2.1.5 Endurgjald til þjónustuaðila.....	8
2.1.6 Flutningsjöfnun .....	8
2.1.7 Greiðslur og reikningsskil .....	9
2.1.8 Vanefndir og uppsögn .....	9
2.1.9 Ábyrgð og tryggingar .....	10
2.1.10 Umsjón og eftirlit.....	10
2.1.11 Lög og reglugerðir .....	10
2.1.12 Ágreiningsmál.....	10
<b>3. VERKLÝSING FYRIR ÞJÓNUSTUAÐILA.....</b>	<b>11</b>
3.1 UM VERKIÐ.....	11
3.1.1 Hjólbarðar og skil þeirra.....	11
3.1.2 Greiðslur til sveitarfélaga .....	11
3.1.3 Starfssvæði.....	11
3.1.4 Urðunar- og brennslustaðir sveitarfélaga .....	11
3.1.5 Flæðirit.....	11
3.1.6 Vigtun hjólbarða.....	11
3.1.7 Búnaður og aðstaða .....	12
3.1.8 Gagnaskráning .....	12
3.1.9 Söfnunarstöðvar sveitarfélaga.....	12
3.1.10 Þjónustustig.....	12
3.1.11 Framvinda verks.....	13
3.2 RÁÐSTÖFUNARLEIÐIR .....	13
3.2.1 Brennsla með orkunýtingu – flokkur I.....	13
3.2.2 Endurnýting, önnur en brennsla, innanlands eða erlendis - flokkur II.....	13
3.2.3 Notkun kurlaðra hjólbarða sem byggingarefni - flokkur III.....	13
3.2.4 Urðun mjög stórra hjólbarða – flokkur IV.....	14
3.2.5 Nýir ráðstöfunaraðilar – ráðstöfunarflokkar .....	14
<b>4. SKILMÁLAR FYRIR RÁÐSTÖFUNARAÐILA.....</b>	<b>15</b>
4.1.1 Umsókn ráðstöfunaraðila.....	15
4.1.2 Ráðstöfun - Starfsleyfi .....	15
4.1.3 Tungumál.....	15
4.1.4 Greiðslur .....	15
4.1.5 Vanefndir og uppsögn .....	15
4.1.6 Umsjón og eftirlit.....	15
<b>5. VIÐAUKAR.....</b>	<b>16</b>
5.1 ÚR LÖGUM UM ÚRVINNSLUGJALD .....	16
5.2 MAGN INNFLUTTRA HJÓLBARÐA .....	17
5.3 SÖFNUNARSTÖÐVAR.....	18
5.4 LÖGGILTAR BÍLAVOGIR Á ÍSLANDI .....	21
5.5 SKRÁÐIR RÁÐSTÖFUNARAÐILAR HJÓLBARÐA HJÁ ÚRVINNSLUSJÓÐI.....	23

---

<b>6.</b>	<b>EYÐUBLÖÐ.....</b>	<b>24</b>
6.1	UMSÓKN ÞJÓNUSTUADILA TIL ÚRVINNSLUSJÓÐS.....	24
6.2	UMSÓKN RÁÐSTÖFUNARAÐILA TIL ÚRVINNSLUSJÓÐS.....	26
6.3	EYÐUBLAÐ: MAGN HJÓLBARÐA FRÁ SÖFNUNARSTÖÐVUM OG FYRIRTÆKJUM .....	27

# 1. ALMENNT

## 1.1 Forsaga

Í tilskipunum ESB (1999/31/EC)<sup>1</sup> er urðun hjólbarða bönnuð með þeirri undantekningu að kurlaða hjólbarða mátti urða fram til 16.7.2006. Reglugerð um urðun úrgangs, nr. 738/2003 fjallar nánar um bannið og undantekningar frá því.

Til að standa undir kostnaði við skipulega söfnun og förgun hjólbarða var lagt á sérstakt úrvinnslugjald með lögum nr. 162/2002, með síðari breytingum. Reglugerð nr. 1124/2005 fjallar nánar um framkvæmd laganna.

Úrvinnslusjóður annast framkvæmd laganna. Lögin má nálgast á vef Alþingis: [www.althingi.is](http://www.althingi.is) eða á vef Úrvinnslusjóðs: [www.urvinnslusjodur.is](http://www.urvinnslusjodur.is)

## 1.2 Skilgreiningar hugtaka

- **Hjólbarðar:** Lög nr. 162/2002, með áorðnum breytingum, skilgreina hvað teljast hjólbarðar og þar með hvaða hjólbarðar tilheyra úrvinnslukerfi Úrvinnslusjóðs og falla undir skilmála þessa. Hjólbarðarnir skulu vera án aðskotahluta. Snjónaglar teljast ekki aðskotahlutir.
- **Endurnotkun:** Endurtekin notkun úrgangs í óbreyttri mynd.
- **Endurnýting:** Hvers konar nýting úrgangs, önnur en endurnotkun, þ.m.t. endurvinnsla og orkuvinnsla. Brennsla er endurnýting svo fremi sem orkan sé nýtt á hagnýtan hátt. Aðferðir við endurnýtingu verða að vera viðurkenndar af þar til bærum yfirvöldum og starfsleyfi að liggja fyrir.
- **Endurvinnsla:** Framleiðsluferli úrgangsefna er endurtekið í upphaflegum tilgangi eða öðrum tilgangi. Með endurvinnslu hjólbarða er átt við hvers konar vinnslu þar sem til verður seljanleg vara, hráefni eða aðföng til framleiðslu. Undanskilin er endurnýting orku sem felst í að nota brennanlegan úrgang til að framleiða orku með því að brenna hann beint, einan sér eða með öðrum úrgangi þar sem hitinn er nýttur.
- **Móttökustöð:** Samkvæmt skilgreiningu í lögum um Úrvinnslugjald er móttökustöð „staður og aðstaða þar sem tekið er við úrgangi til geymslu til lengri eða skemmri tíma, til umhleðslu, flokkunar eða annarrar meðhöndlunar. Þaðan fer úrgangurinn til förgunar, endurnýtingar, endurnotkunar eða honum er fargað á staðnum. Undir móttökustöð falla flokkunarmiðstöðvar og förgunarstaðir.“ (T.d. Sorpa-Gufunesi)
- **Söfnunarstöð (gámastöð):** Staður og aðstaða þar sem tekið er við úrgangi frá almenningi og/eða smærri fyrirtækjum. Þaðan fer hann til endurnotkunar og endurnýtingar eða er fluttur til móttökustöðva. Hér undir falla söfnunarstöðvar sem Sorpa kallar endurvinnslustöðvar, en ekki grenndarstöðvar.
- **Grenndarstöðvar (grenndargámar):** Staður og aðstaða þar sem einn eða fleiri gámar eru staðsettir og íbúar geta skilað af sér flokkuðum úrgangi. Grenndargámar

<sup>1</sup> Directive on the Landfill of waste (1999/31/EC) 26 April 1999.

geta verið í íbúðahverfum, við verslanir eða í sveitum, t.d. við sumarbústaðahverfi. Þaðan fer úrgangurinn á söfnunarstöð, til móttökustöðvar eða beint í endurnotkun/nýtingu. Við grenndargáma eru ekki starfsmenn og eru gámarnir opnir allan sólarhringinn.

- **Þjónustuaðili:** Hver sá sem þjónar Úrvinnslusjóði við endurnýtingu hjólbarða. Hann semur við söfnunar- og móttökustöðvar, sér um flutning hjólbarða frá þeim, flokkar, (for)vinnur og ráðstafar síðan unnum hjólbörðum á viðurkenndan hátt í viðurkennda farvegi.
- **Ráðstöfunaraðili:** Sá sem tekur við hjólbörðum til endanlegrar endurnýtingar. Hann getur verið t.d. sorpbrennslustöð, endurvinnslufyrirtæki, erlendur kaupandi o.s.frv. Ráðstöfunaraðilar skulu vera skráðir hjá Úrvinnslusjóði sem viðurkenndir ráðstöfunaraðilar hjólbarða. Lista yfir þá er að finna í kafla 5.5 og uppfærðan lista er alltaf að finna á vef Úrvinnslusjóðs, [www.urvinnslusjodur.is](http://www.urvinnslusjodur.is)

Ráðstöfunaraðili getur ekki samtímis verið þjónustuaðili.

- **Starfsstöð:** Starfsstöð þjónustuaðila er varanlegt vinnusvæði þar sem hann hefur vélbúnað sinn og stundar flokkun eða forvinnslu hjólbarða. Þjónustuaðila er heimilt að taka við hjólbörðum í starfsstöð sinni frá þeim sem sjálfir kjósa að losa sig við hjólbarða.
- Önnur helstu hugtök eru skilgreind í 2. grein laga nr. 162/2002, sjá kafla 5.1.

### 1.3 Yfirlit yfir verkefnið

Verkefnið felst í úrvinnslu notaðra hjólbarða. Það felur í sér að sækja hjólbarða til skilgreindra söfnunarstöðva sveitarfélaga, og þeirra fyrirtækja sem semja beint við þjónustuaðilann, og meðhöndlun hjólbarðanna (ef þarf) fyrir endurnýtingu.

Almennt gildir að urðun hjólbarða er bönnuð. Undantekning á banni er fyrir mjög stóra hjólbarða, þvermál yfir 1,4 m. og einnig er heimilt að nota hjólbarðakurl í undirlag og klæðningar á urðunarstöðum.

Með endurnýtingu hjólbarða er átt við hvers konar endurvinnslu þar sem til verður seljanleg vara, hráefni eða aðföng til framleiðslu. Sama gildir um nýtingu þeirra til hagnýtrar orkuframleiðslu. Aðferðir við endurnýtingu verða að vera viðurkenndar og starfsleyfi að liggja fyrir.

Flæðirit í kafla 1.4 sýnir hvernig fyrirkomulagi er háttað. Þar sjást 3 meginþættir þess ferlis sem tekur við eftir að notandi losar sig við hjólbarða á söfnunarstöð eða á bifreiðaverkstæði.

Fleiri en einn þjónustuaðili getur þjónað hverju svæði – ekki eru neinar hömlur á fjölda þeirra. Samningar milli einstakra fyrirtækja/sorpsamlaga og þjónustuaðila eru á ábyrgð samningsaðila og án aðkomu Úrvinnslusjóðs.

Með samningi um þjónustu við svæði skuldbindur þjónustuaðili sig til að sinna öllum beiðnum frá söfnunarstöðvum og gildir þá einu hvort fleiri aðilar hafi samning um svæðið.

Úrvinnslusjóður hefur sett verklagsreglur og skilmála fyrir þá, sem óska eftir að þjóna sjóðnum við endurnýtingu/förgun hjólbarða. Einnig hefur sjóðurinn ákveðið endurgjald fyrir þá þjónustu, [kr/kg]. Það verður mishátt eftir því á hvern hátt hjólbarðar eru endurnýttir. Tilgangurinn með mishátt endurgjaldi er að hvetja til þess að notaðir hjólbarðar rati í þá farvegi sem taldir eru betri en aðrir með tilliti til umhverfispáttá. Gildandi gjaldskrá [einingaverð] er að finna á vef Úrvinnslusjóðs, [www.urvinnslusjodur.is](http://www.urvinnslusjodur.is)


Auk endurgjaldsins verður greitt flutningsjöfnun háð uppruna hjólbarða.

Þjónustuaðili semur við söfnunarstöð, sér um flutning og vinnslu og ráðstafar síðan (for)unnum hjólbörðum í viðurkennda farvegi. Þjónustuaðili (merktur “Þ1”, “Þ2” .... á flæðiriti) er viðsemjandi Úrvinnslusjóðs. Þjónustuaðilinn gerir samninga við söfnunarstöðvar og ráðstöfunaraðila og sér um greiðslur til ráðstöfunaraðilanna, og því ekki um neinar beinar greiðslur að ræða milli Úrvinnslusjóðs og ráðstöfunaraðila. Þjónustuaðilinn sér um að flytja hjólbarða frá söfnunarstöðvum, forvinna/vinna - ef þarf, og flytja til ráðstöfunaraðila. Þjónustuaðilinn sér um vigtun og gagnaskráningu og fær greitt frá Úrvinnslusjóði samkvæmt vigtarnótum og staðfestingu ráðstöfunaraðila. Þjónustuaðili skal halda skrá yfir magn hjólbarða sem hann sækir, tekur á móti og ráðstafar.

Í kafla 2 eru skilmálar fyrir þjónustuaðila og í kafla 3 er verklýsing fyrir þjónustuaðila. Kafli 4 inniheldur skilmála fyrir ráðstöfunaraðila.

Ekki er sérstök verklýsing fyrir ráðstöfunaraðila enda gert ráð fyrir að hver og einn hafi sitt verklag og tilheyrandi starfsleyfi.

### 1.4 Flæðirit



## 2. SKILMÁLAR FYRIR ÞJÓNUSTUAÐILA

### 2.1.1 Umsókn þjónustuaðila

Þeir sem hyggjast vinna fyrir Úrvinnslusjóð skulu sækja um þátttöku í verkefninu til sjóðsins. Allar umbeðnar upplýsingar skulu fylgja umsókn. Umsóknareyðublað og samningsform er í kafla 6.1. Farið verður með allar framlagðar upplýsingar sem trúnaðarmál. Umsækjendur skulu vera í skilum með opinber gjöld og lögboðin iðgjöld í lífeyrissjóði.

### 2.1.2 Svæðaskipting

Landinu hefur verið skipt upp í 8 þjónustusvæði. Þjónustuaðili getur valið hvaða svæði eða svæðum hann óskar að þjóna.

Í kafla 5.3 er listi yfir þær söfnunarstöðvar sem tilheyra hverju svæði ásamt póstnúmerum svæðanna. Þau eru í meginatriðum póstnúmer viðkomandi staðar. Í samningi þjónustuaðila kemur fram hvaða svæði/svæðum hann hyggst þjóna. Á hverju svæði geta verið ein eða fleiri söfnunarstöðvar. Með samningi um þjónustu við svæði skuldbindur þjónustuaðili sig til að sinna öllum beiðnum frá söfnunarstöðvum og gildir þá einu hvort fleiri hafi samning um svæðið eða ekki. Fleiri en einn þjónustuaðili getur þjónað hverju svæði – engar hömlur eru á fjölda þjónustuaðila. Grein 3.1.10 fjallar um lágmarksmagn sem sækja þarf í einu til söfnunarstöðvar. Samningar milli einstakra fyrirtækja/sorpsamlaga og þjónustuaðila eru á ábyrgð samningsaðila og án aðkomu Úrvinnslusjóðs.

### 2.1.3 Tungumál

Allar upplýsingar um þjónustuaðila og samskipti við hann skulu vera á íslensku. Upplýsingar um tækjabúnað mega vera á íslensku, dönsku, norsku, sænsku eða ensku.

### 2.1.4 Ráðstöfun hjólbarða

Þjónustuaðila er einungis heimilt að ráðstafa hjólbörðum/hjólbarðakurli til viðurkenndra ráðstöfunaraðila, samanber grein 1.2. Hyggist þjónustuaðili skipta við ráðstöfunaraðila sem ekki er á skrá Úrvinnslusjóðs skal sá ráðstöfunaraðili sækja um skráningu hjá sjóðnum. Skilmála fyrir ráðstöfunaraðila er að finna í kafla 4.



### 2.1.5 Endurgjald til þjónustuaðila

Greiðslur til þjónustuaðila verða samkvæmt töflunni að neðan.

Flokkur	Ráðstöfun	Endurgjald *) [kr/kg] án vsk
I	Brennsla með orkunýtingu – flokkur I – sjá kafla 3.2.1	35
II	Endurvinnsla innanlands eða erlendis– sjá kafla 3.2.2	40
III	Notkun kurlaðra hjólbarða sem byggingarefni – sjá kafla 3.2.3 **)	27
IV	Urðun hjólbarða sem eru stærri en 1,4m – sjá kafla 3.2.4	25

\*) Gjaldskrá við útgáfu skilmála. Gildandi gjaldskrá á hverjum tíma er að finna á vef Úrvinnslusjóðs, [www.urvinnslusjodur.is](http://www.urvinnslusjodur.is).

\*\*) Samkvæmt reglum Umhverfisstofnunar.

### 2.1.6 Flutningsjöfnun

Auk endurgjalds samkvæmt gjaldskrá í kafla 2.1.6 verður greitt tilligg til flutningsjöfnunar, vegna hjólbarða sem falla undir flokka I og II. Ekki er greidd flutningsjöfnun vegna hjólbarða sem urðaðir eru – flokkar III og IV. Flutningsjöfnun er einungis háð staðfestum uppruna hjólbarðanna (póstnúmer) en tekur ekki tillit til þess hvert þjónustuaðili ákveður að flytja hjólbarðana.

Brennslustöðvarnar Kalka í Reykjanesbæ, Funi á Ísafirði og Sorpbrennsla Sorpsamlags Þingeyinga á Húsavík annars vegar og Reykjavíkurhöfn, Vestmannaeyjahöfn og Eskifjarðarhöfn hins vegar eru staðir sem miðað er við sem „ráðstöfunarstaði“ fyrir hjólbarða (júlí 2006). Hafnirnar þrjár eru þær einu með reglubundnum siglingum til útlanda. Ef í framtíðinni verður til nýr ráðstöfunarstaður sem máli skiptir mun flutningsjöfnuninni verða breytt til samræmis við það.

Einungis upprunastaður hjólbarðana og vegalengd til næsta ráðstöfunarstaðar ræður flutningsjöfnuninni. Þannig er greidd flutningsjöfnun af hjólbörðum sem fluttir eru frá Akureyri til Húsavíkur, hvort sem þeir eru fluttir út frá Akureyri (leiguskip), þeir fluttir til Reykjavíkur eða Húsavíkur til brennslu. Eins er greidd flutningsjöfnun fyrir hjólbarða frá Vík til Reykjavíkur, jafnvel þó einhverjum yrði brennt í lítilli brennslu á Kirkjubæjarkaustrí. Ekki er þannig skilyrt að hjólbarðar verði fluttir til þessara staða en flutningsjöfnunin verður miðuð við þá.

Engin flutningsjöfnun er greidd vegna hjólbarða sem falla til á þessum 6 „ráðstöfunarstöðum“. Þannig er ekkert greitt fyrir hjólbarða sem falla til á Reykjavíkursvæðinu.

Á vef Úrvinnslusjóðs er á hverjum tíma tafla sem sýnir flutningsjöfnun [kr/kg] fyrir helstu póstnúmer.

Flutningsjöfnun til þjónustuaðila verður samkvæmt töflunni að neðan.

Póst númer	Upprunastaður hjólarða	Greitt í flutningsjöfnun [kr/kg] án vsk	Póst númer	Upprunastaður hjólarða	Greitt í flutningsjöfnun [kr/kg] án vsk
100	Reykjavík	0,00	620	Dalvík	6,29
230	Keflavík	0,00	625	Ólafsfjörður	6,68
240	Grindavík	3,69	640	Húsavík	0,00
245	Sandgerði	3,36	660	Reykjahlíð við Mývatn	4,41
300	Akranes	4,27	670	Kópasker	5,40
310	Borgarnes	4,85	675	Raufarhöfn	6,66
320	Reykholt í Borgarfirði	5,66	680	Þórshöfn	8,05
340	Stykkishólmur	7,14	685	Bakkafjörður	7,59
350	Grundarfjörður	7,24	690	Vopnafjörður	7,42
355	Ólafsvík	7,65	700	Egilsstaðir	4,27
360	Hellissandur	7,89	710	Seyðisfjörður	4,87
370	Búðardalur	6,70	720	Bakkagerði Borgarfirði	5,89
400	Ísafjörður	0,00	730	Reyðarfjörður	3,50
415	Bolungarvík	3,48	735	Eskifjörður	0,00
425	Flateyri	3,69	740	Neskaupstaður	3,69
430	Suðureyri	3,69	750	Fáskrúðsfjörður	3,99
450	Patreksfjörður	7,17	755	Stöðvarfjörður	4,52
460	Tálknafjörður	6,91	760	Breiðdalsvík	4,96
465	Bíldudalur	6,52	765	Djúpivogur	6,45
470	Þingeyri	4,29	780	Höfn í Hornafirði	8,77
510	Hólmavík	8,35	800	Selfoss	4,48
530	Hvammstangi	7,72	815	Þorlákshöfn	4,34
540	Blönduós	8,63	820	Eyrarbakki	4,52
545	Skagaströnd	9,07	840	Laugarvatn	5,31
550	Sauðárkrókur	8,05	850	Hella	5,31
560	Varmahlíð	7,45	860	Hvolsvöllur	5,61
565	Hofsós	8,33	870	Vík í Mýrdal	7,47
580	Siglufjörður	9,72	880	Kirkjubæjarklaustur	9,16
600	Akureyri	5,27	900	Vestmannaeyjar	0,00
610	Grenivík	5,24			

### 2.1.7 Greiðslur og reikningsskil

Greitt verður fyrir verkið eftir framlögðum reikningum [kr/kg], samkvæmt gjaldskrá Úrvinnslusjóðs. Reikningi skal fylgja staðfesting á magni frá viðkomandi ráðstöfunaraðila. Einnig skal fylgja á rafrænu formi, sem Úrvinnslusjóður samþykkir, yfirlit yfir hvaðan hjólarðarnir komu og hvernig þeim var ráðstafað, ásamt upplýsingum um birgðir hjá þjónustuaðilanum.

### 2.1.8 Vanefndir og uppsögn

Þjónustuaðili skal í einu og öllu rækja samningsskyldur sínar samkvæmt skilmálum þessum. Komi til vanefnda er Úrvinnslusjóði heimilt að fella niður greiðslur eða beita öðrum lögformlegum vanefndaúrræðum.

Verði Úrvinnslusjóður fyrir tjóni af völdum vanefnda þjónustuaðila er þjónustuaðilinn að fullu ábyrgur gagnvart sjóðnum vegna þessa samkvæmt ákvæðum skaðabótalaga.

Leiti þjónustuaðili nauðasamninga, greiðslustöðvunar, er úrskurðaður gjaldþrota eða gert hjá honum árangurslaust fjárnám, getur Úrvinnslusjóður án frekari fyrirvara sagt upp

samningi við hann. Komi til uppsagnar er ráðstöfun uppsafnaðra hjólbarða hjá þjónustuaðila á hans ábyrgð.

Verði um ítrekaðar vanefndir af hálfu þjónustuaðila að ræða er Úrvinnslusjóði heimilt að segja upp samningi, með 3ja mánaða fyrirvara. Skal þjónustuaðili strax við uppsögn samnings hætta söfnun og móttöku hjólbarða, en hefur síðan 3 mánuði til að losa sig við hjólbarða sem kunna að vera í hans vörslu.

Dæmi um hugsanlegar aðgerðir er skoðast sem vanefndir:

- Skilagreinum með reikningum er ábótavant.
- Hjólbörðum er ráðstafað til annarra en viðurkenndra og skráðra ráðstöfunaraðila.
- Ósk um tæmingu hjá söfnunarstöð ekki sinnt.
- Hjólbarðar sóttir á önnur svæði en samningur kveður á um.

### 2.1.9 Ábyrgð og tryggingar

Þjónustuaðili ber ábyrgð á verkefninu og framkvæmd þess, þar með töldum verkum hugsanlegra verktaka sinna. Þjónustuaðili ber auk þess ábyrgð á tjóni er Úrvinnslusjóður eða þriðji aðili kann að verða fyrir við framkvæmd verksins.

Þjónustuaðili skal kaupa allar skyldutryggingar sem lög og reglugerðir kveða á um.

Ennfremur skal þjónustuaðili að lágmarki kaupa eftirtaldar tryggingar:

- Ábyrgðartryggingu vegna tjóns sem þriðji aðili kann að verða fyrir vegna starfsemi þjónustuaðila og vinnu starfsmanna hans.
- Þjónustuaðili skal hafa í gildi allar tryggingar vegna starfsmanna sinna í samræmi við ákvæði kjarasamninga.

Þjónustuaðili skal afhenda Úrvinnslusjóði afrit af öllum tryggingarskírteinum ásamt staðfestingu viðkomandi tryggingafélags á gildi þeirra, verði þess óskað.

Hjólbarðar og hjólbarðakurl sem eru á athafnasvæði þjónustuaðila eða í umsjá hans eru á ábyrgð þjónustuaðila.

### 2.1.10 Umsjón og eftirlit

Umsjón og eftirlit með verkinu verður í höndum Úrvinnslusjóðs og fulltrúa hans. Umsjónar- og eftirlitsmenn Úrvinnslusjóðs skulu ávallt hafa ótakmarkaðan aðgang að vinnusvæðum þjónustuaðila. Úrvinnslusjóður mun á samningstíma athuga uppgjör, vigtun og annan frágang þjónustuaðila.

### 2.1.11 Lög og reglugerðir

Væntanlegir samningsaðilar lúta í einu og öllu íslenskum lögum og reglugerðum.

### 2.1.12 Ágreiningsmál

Málum sem kunna að rísa út af verkefni þessu skal vísa til Héraðsdóms Reykjavíkur.

## 3. VERKLÝSING FYRIR ÞJÓNUSTUAÐILA

### 3.1 Um verkið

#### 3.1.1 Hjólbarðar og skil þeirra

Í lýsingu þessari teljast „hjólbarðar“ vera allir þeir hjólbarðar, án aukahluta, sem falla undir lög nr. 162 frá 20. desember. 2002, kafla XVI. Snjónaglar í hjólbörðum teljast ekki aukahlutir.

Almenningur og fyrirtæki í landinu skila nú hjólbörðum til söfnunarstöðva eða móttökustöðva sveitarfélaga/sorpsamlaga víðs vegar um landið.

#### 3.1.2 Greiðslur til sveitarfélaga

Úrvinnslusjóður greiðir sveitarfélögum og sorpsamlögum söfnunarstöðvagjald fyrir móttöku, meðferð og geymslu hjólbarða í söfnunarstöðvunum – sjá 3.1.6.

#### 3.1.3 Starfssvæði

Í kafla 5.3 eru upplýsingar um starfssvæðin I - VIII. Þar er tilgreint það magn sem árlega er talið falla til á hverju starfssvæði; magnið er áætlað með hliðsjón af íbúafjölda og áætluðu heildarmagni hjólbarða og er einungis til viðmiðunar.

#### 3.1.4 Urðunar- og brennslustaðir sveitarfélaga

Sérstök athygli er vakin á því að ekki er sjálfgefið að urðunar- og brennslustaðir sveitarfélaga (ráðstöfunaraðilar) taki við því magni sem fellur til á þjónustusvæðinu. Þjónustuaðilar gera sjálfir samstarfssamning við urðunarstaði og brennslustöðvar, án aðkomu Úrvinnslusjóðs.

#### 3.1.5 Flæðirit

Í kafla 1.4 er FLÆÐIRIT, sem sýnir hvernig þjónustuaðilar Úrvinnslusjóðs sjá um að flytja hjólbarðana, forvinna þá ef með þarf, og skila þeim síðan til ráðstöfunaraðila til endurnýtingar eða förgunar. Öll hleðsla flutningatækja og losun þeirra er þar með talin.

Á grundvelli vigtunar til ráðstöfunaraðilans fær þjónustuaðilinn greitt samkvæmt gildandi gjaldskrá Úrvinnslusjóðs. Þjónustugjaldið er mismunandi eftir ráðstöfun og skiptist í nokkra gjaldflokka.

Þjónustuaðilinn semur sjálfur við söfnunarstöðvar/sorpsamlög um fyrirkomulag losunar hjólbarða frá söfnunarstöðvum. Hann getur líka samið beint við t.d. hjólbarðaverkstæði um þjónustu við að losa þau við hjólbarða.

#### 3.1.6 Vigtun hjólbarða

Hjólbarða frá hverri söfnunarstöð skal vigta á löggiltri vog. Vigtun frá söfnunarstöð er grundvöllur gjalds sem Úrvinnslusjóður greiðir viðkomandi sveitarfélagi, söfnunarstöð/sorpsamlagi, beint og án milligöngu þjónustuaðila, fyrir meðhöndlun og geymslu. Þyngdina skal gefa upp í skrá fyrir móttekið magn, samanber grein 3.1.8.

Vigta skal hjólbarða sem sóttir eru til einstakra fyrirtækja. Minni skömmtum og stökum hjólbörðum sem berast þjónustuaðila t.d. á bílhræjum eða beint frá almenningi má safna saman og vigta sem heild, t.d. einn fullan gám.

Vigtun inn til ráðstöfunaraðila á löggilttri vog er grundvöllur greiðslu til þjónustuaðila. Þessi vog getur verið hvort sem er löggilt vog í starfsstöð ráðstöfunaraðilans eða önnur löggilt vog t.d. hafnarvog, sem samningaðilar verða fyrirfram ásáttir um að nota. Í kafla 5.4 er listi yfir löggiltar vogir.

Þjónustuaðili greiðir í öllum tilfellum kostnað vegna viktunar. Hjólbarðar sem fluttir eru úr landi skulu vigtaðir á Íslandi.

### 3.1.7 Búnaður og aðstaða

Þjónustuaðili skal leggja til og útvega allan búnað, aðstöðu og annað sem þarf til að framkvæma verkið samkvæmt verklýsingu þessari og skilmálum.

Hann getur haft fasta starfsstöð eða valið að nota færanlegan vinnslubúnað.

Þjónustuaðili skal tilgreina hvort, og þá hvar, hann hyggst starfrækja sérstaka starfsstöð. Í starfsstöð skal vera aðstaða til að taka á móti hjólbörðum frá bæði fyrirtækjum og almenningi sem þar óska eftir að losna við hjólbarða. Skylt er að taka við öllum hjólbörðum sem berast og eru án aðskotahluta.

Ekki er gerður greinarmunur á hvort þjónustuaðili notar eigin flutningatæki og mannskap eða hvort hann nýtir sér undirverktaka. Þjónustuaðili stendur sjálfur skil á greiðslum til undirverktaka.

Þjónustuaðili mun ekki fá neina greiðslu samsvarandi „Söfnunarstöðvagjaldi“ sem Úrvinnslusjóður greiðir söfnunarstöðvum sveitarfélaga sbr. kafla 3.1.2.

### 3.1.8 Gagnaskráning

Þjónustuaðili skal halda skrá yfir mótttekið magn og magn sem fer til ráðstöfunaraðila. Jafnframt skal gera grein fyrir birgðum. Gagnaskrá skal senda með hverjum reikningi til Úrvinnslusjóðs, en þó ekki sjaldnar en á 3 mánaða fresti vegna uppgjors við sveitarfélög. Gagnaskrá skal vera á tölvutæku formi sem sjóðurinn samþykkir – sjá eyðublað í kafla 6.3. Um viktun hjólbarða vísast til kafla 3.1.6.

### 3.1.9 Söfnunarstöðvar sveitarfélaga

Sveitarfélögin eða sorpsamlög þeirra starfrækja söfnunarstöðvar, „gámastöðvar“. Á söfnunarstöðvunum er meðal annars tekið á móti hjólbörðum og þeir flokkaðir sér, annað hvort í haug á jörðu eða í opna gáma eða samsvarandi. Hjólbarðarnir á söfnunarstöðvunum eiga að vera án aðskotahluta og án felga (snjóaglar teljast ekki aðskotahlutir). Þjónustuaðila er ætlað að sækja hjólbarða til allra söfnunarstöðva, á því svæði sem hann hefur valið að þjóna. Listi yfir söfnunarstöðvar þann 1.6.2006 eru í töflu í kafla 5.3.

### 3.1.10 Þjónustustig

Þjónustuaðili skal sækja hjólbarða reglulega til söfnunarstöðva sem eru á því svæði sem hann hefur valið að þjónusta. Innifalinn er bæði hleðsla og losun flutningatækja og hugsanlega meðhöndlun. Tíðni verður háð magni sem berst og óskum viðkomandi sveitarfélags. Ekki er þó gerð krafa um að sótt sé minna magn í einu en 60m<sup>3</sup> (um 5-8 tonn) í hvert sinn sem söfnunarstöð óskar. Eigi að síður skal tæma árlega hjá hverri stöð þó minna magn sé til staðar, nema sveitarstjórn sættist á annað. Afrit af slíku samkomulagi við sveitarstjórn skal senda Úrvinnslusjóði.

### 3.1.11 Framvinda verks

Þjónustuaðili skal kappkosta að vinna/farga hjólbörðum jafnóðum og þeir berast. Þannig má hann ekki safna upp í starfsstöð/vum sinni/sínum meira magni samanlagt en því sem tiltekið er í samningi hans við Úrvinnslusjóð. Ef meira magn safnast skal þjónustuaðili gera grein fyrir því. Án ásættanlegra skriflegra útskýringar þjónustuaðila, áskilur Úrvinnslusjóður sér rétt til að stöðva greiðslur til hans.

## 3.2 Ráðstöfunarleiðir

Í fyrstu grein laga nr. 161/2002 segir: „Markmið laga þessara er að skapa hagræn skilyrði fyrir endurnotkun og endurnýtingu úrgangs í þeim tilgangi að draga úr magni úrgangs sem fer til endanlegrar förgunar og tryggja viðeigandi förgun spilliefna.“

Þjónustuaðili skal koma hjólbörðum í hvern þann farveg sem talist getur endurnýting/endurnotkun/förgun. Honum er frjálst að velja þá aðferð sem hann telur hagkvæmasta, en hann skal þó sýna fram á að meðhöndlun hans uppfylli reglugerð nr.738/2003 um urðun úrgangs (með hugsanlegum síðari tíma breytingum) og ásamt öðrum skilyrðum heilbrigðis- og skipulagsyfirvalda.

Ráðstöfunaraðili t.d. sorpbrennslustöð eða urðunarstaður, þarf að hafa tilskilin leyfi fyrir starfsemi sinni.

Takist þjónustuaðila að finna ráðstöfunarleið sem gefur honum tekjur skerðir það ekki greiðslur samkvæmt skilmálum Úrvinnslusjóðs fyrir þjónustuaðila.

### 3.2.1 Brennsla með orkunýtingu – flokkur I

Þjónustuaðila er heimilt að afhenda hjólbarða til brennslu í viðurkenndri brennslustöð enda sé um orkuvinnslu að ræða, þar með talin brennsla í sementsverksmiðju. Gildir þá einu hvort hjólbarðar eru brenndir heilir eða kurlaðir. Þjónustuaðili semur við brennslustöðvar um greiðslur fyrir móttökuna og stendur skil á þeim. Með reikningum fyrir hjólbarða sem brenndir eru skal koma vigtarnóta frá löggiltri vog um mótttekið magn hjólbarða, ásamt staðfestingu frá brennslustaðnum. Varðandi vigtun, sjá kafla 3.1.6.

### 3.2.2 Endurnýting, önnur en að ofan greinir, er heimil svo fremi sem þjónustuaðili sýni fram á að hjólbörðunum sé fargað á viðurkenndan hátt. Með orðunum „viðurkenndan hátt“ er átt við aðferðir sem viðurkenndar eru af yfirvöldum. Vinnsluaðferðin þarf að tryggja að enginn hjólbarðaúrgangur falli til. Þjónustuaðili semur um greiðslur til vinnslunnar fyrir móttökuna og stendur skil á þeim. Með reikningum fyrir hjólbarða sem fara til vinnslunnar skal fylgja vigtarnóta frá löggiltri vog um mótttekið magn hjólbarða, ásamt staðfestingu frá vinnslustaðnum. Varðandi vigtun, sjá kafla 3.1.6.

Endurnýting, önnur en að ofan greinir, er heimil svo fremi sem þjónustuaðili sýni fram á að hjólbörðunum sé fargað á viðurkenndan hátt. Með orðunum „viðurkenndan hátt“ er átt við aðferðir sem viðurkenndar eru af yfirvöldum. Vinnsluaðferðin þarf að tryggja að enginn hjólbarðaúrgangur falli til. Þjónustuaðili semur um greiðslur til vinnslunnar fyrir móttökuna og stendur skil á þeim. Með reikningum fyrir hjólbarða sem fara til vinnslunnar skal fylgja vigtarnóta frá löggiltri vog um mótttekið magn hjólbarða, ásamt staðfestingu frá vinnslustaðnum. Varðandi vigtun, sjá kafla 3.1.6.

Heimilt er að flytja hjólbarða úr landi í hvaða formi sem er. Skilyrði er að endanlegur móttakandi erlendis sé skráður sem ráðstöfunaraðili hjá Úrvinnslusjóði – sjá kafla 4. Með reikningum fyrir hjólbarða sem eru fluttir út skal koma móttökustaðfestingu frá móttakanda vörunnar erlendis (ráðstöfunaraðila). Þjónustuaðili semur við erlendan móttakanda um greiðslur fyrir móttökuna og stendur skil á þeim. Varðandi vigtun, sjá kafla 3.1.6.

### 3.2.3 Notkun kurlaðra hjólbarða sem byggingarefni - flokkur III

Notkun hjólbarða sem byggingarefni (í drenlag, hauggassöfnunarlag, manir o.fl.) á urðunarstöðum er leyfileg skv. 8. gr. reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs. Farið skal að **reglum**<sup>2</sup> Umhverfisstofnunar um slíka notkun. Þjónustuaðili skal sjálfur semja við viðurkennda urðunarstaði, einn eða fleiri, um móttöku. Þjónustuaðili semur einnig um greiðslur til urðunarstaðarins fyrir móttökuna og stendur skil á þeim.

Önnur notkun tætra hjólbarða er hugsanleg, til dæmis í vegagerð, sérstaklega þar sem burðarþoli jarðvegs er ábótavant. Hyggist þjónustuaðili ráðstafa hjólbarðakurl til slíkrar notkunar skal liggja fyrir leyfi Umhverfisstofnunar hverju sinni.

Með reikningum fyrir hjólbarðakurl sem urðað er skal koma vigtarnóta frá löggiltri vog um móttekið magn hjólbarða til urðunarstaðar, ásamt staðfestingu frá urðunarstaðnum. Varðandi vigtun, sjá kafla 3.1.6.

### 3.2.4 Urðun mjög stórra hjólbarða – flokkur IV

Urðun hjólbarða er bönnuð samkvæmt reglugerð 738/2003. Þó er heimilt að urða hjólbarða sem eru meira en 1,4 m í þvermál. Þjónustuaðili skal sjálfur semja við viðurkennda urðunarstaði, einn eða fleiri, um móttöku. Þjónustuaðili semur einnig um greiðslur til urðunarstaðarins fyrir móttökuna og stendur skil á þeim. Með reikningum fyrir hjólbarða sem urðaðir eru skal koma vigtarnóta frá löggiltri vog um móttekið magn hjólbarða til urðunarstaðar, ásamt staðfestingu frá urðunarstaðnum. Varðandi vigtun, sjá kafla 3.1.6.

### 3.2.5 Nýir ráðstöfunaraðilar – ráðstöfunarflokkar

Gert er ráð fyrir að nýjar ráðstöfunarleiðir geti bæst við hvenær sem er. Viðkomandi ráðstöfunaraðili, eða fulltrúi hans, þurfa þá að senda Úrvinnslusjóði umsókn um þátttöku í verkefninu og gera grein fyrir hugmyndum sínum. Ekki er víst að nýjar leiðir passi í þá flokka sem fyrir eru. Í slíkum tilfellum verður hugsanlega bætt við flokki í gjaldskrá.

<sup>2</sup> Við útgáfu skilmálanna eru reglur þessar í vinnslu hjá Umhverfisstofnun og liggja því ekki fyrir.

## 4. SKILMÁLAR FYRIR RÁÐSTÖFUNARAÐILA

Á vef Úrvinnslusjóðs, [www.urvinnslusjodur.is](http://www.urvinnslusjodur.is) er skrá yfir viðurkennda ráðstöfunaraðila. Í kafla 5.5 er skráin eins og hún var þann 1.6.2006. Nýir aðilar sem óska eftir viðurkenningu sem ráðstöfunaraðilar skulu kynna sér gögn og skilmála sem sjóðurinn setur. Ráðstöfunaraðili getur óskað eftir að nafn hans sé ekki gert opinbert. Þetta getur átt við þegar ráðstöfunaraðili hefur gert samninga við ákveðinn þjónustuaðila og ætla sér ekki að taka við frá öðrum. Til dæmis gæti slíkur ráðstöfunaraðili verið umboðsaðili erlends endurnýtingarfyrirtækis.

### 4.1.1 Umsókn ráðstöfunaraðila

Þeir sem óska eftir að bætast á skrá Úrvinnslusjóðs yfir viðurkennda ráðstöfunaraðila fyrir hjólbarda skulu skila umsókn til sjóðsins. Eyðublað er að finna í kafla 6.2.

Farið verður með framlagðar upplýsingar sem trúnaðarmál.

Ráðstöfunaraðilar skulu vera í skilum með opinber gjöld og lögboðin iðgjöld í lífeyrissjóði.

### 4.1.2 Ráðstöfun - Starfsleyfi

Upplýsingar um hvernig hjólbörðum verður ráðstafað skulu fylgja umsókn. Ráðstöfunaraðili skal hafa gilt starfsleyfi fyrir starfsemi sína. Ef hann er ekki íslenskur skal hann hafa leyfi stjórnvalda í móttökulandi til innflutnings.

### 4.1.3 Tungumál

Upplýsingar um ráðstöfunaraðila og tækjabúnað hans mega vera á íslensku, dönsku, norsku, sænsku eða ensku.

### 4.1.4 Greiðslur

Engar greiðslur fara milli Úrvinnslusjóðs og ráðstöfunaraðila.

### 4.1.5 Vanefndir og uppsögn

Ráðstöfunaraðili skal í einu og öllu rækja skyldur sínar samkvæmt skilmálum þessum. Vanefni hann þær er Úrvinnslusjóði heimilt að fella nafn hans af lista yfir viðurkennda ráðstöfunaraðila. Þar með brestur grundvöllur fyrir greiðslum til þjónustuaðila vegna hjólbarda sem ráðstafað er til viðkomandi ráðstöfunaraðila.

Safn hjólbarda hjá ráðstöfunaraðila er aldrei á ábyrgð Úrvinnslusjóðs.

Dæmi um hugsanlegar aðgerðir er skoðast sem vanefndir:

- Staðfestingum um mótttekið magn er ábótavant.
- Ráðstöfunaraðili hefur ekki endurnýjað starfsleyfi sitt.

### 4.1.6 Umsjón og eftirlit

Umsjón og eftirlit með verkinu verður í höndum Úrvinnslusjóðs og fulltrúa hans. Umsjónar- og eftirlitsmenn Úrvinnslusjóðs skulu ávallt hafa aðgang að vinnusvæðum ráðstöfunaraðila. Úrvinnslusjóði er heimilt á samningstíma að athuga uppgjör, vigtun og annað er að verki lýtur.



## 5. VIÐAUKAR

### 5.1 Úr lögum um úrvinnslugjald

#### I. KAFLI

##### Markmið og skilgreiningar.

###### 1. gr.

##### *Markmið.*

Markmið laga þessara er að skapa hagræn skilyrði fyrir endurnotkun og endurnýtingu úrgangs í þeim tilgangi að draga úr magni úrgangs sem fer til endanlegrar förgunar og tryggja viðeigandi förgun spilliefna.

###### 2. gr.

##### *Skilgreiningar.*

Í lögum þessum er merking orða og orðasambanda sem hér segir:

1. *Endurnotkun*: endurtekin notkun úrgangs í óbreyttri mynd.
2. *Endurnýting*: hvers konar nýting úrgangs, önnur en endurnotkun, þ.m.t. endurvinnsla og orkuvinnsla.
3. *Endurnýtingarstöð*: staður og aðstaða þar sem endurnýting úrgangs fer fram.
4. *Förgun úrgangs*: aðgerð eða ferli þegar úrgangi er umbreytt og/eða komið fyrir varanlega, svo sem urðun og sorpbrennsla.
5. *Móttökustöð*: staður og aðstaða þar sem tekið er við úrgangi til geymslu til lengri eða skemmri tíma, til umhleðslu, flokkunar eða annarrar meðhöndlunar. Þaðan fer úrgangurinn til förgunar, endurnýtingar, endurnotkunar eða honum er fargað á staðnum. Undir móttökustöð falla flokkunarmiðstöðvar og förgunarstaðir.
6. *Söfnunarstöð (gámastöð)*: staður og aðstaða þar sem tekið er við úrgangi frá almenningi og/eða smærri fyrirtækjum. Þaðan fer hann til endurnotkunar og endurnýtingar eða er fluttur til móttökustöðva.
7. *Úrgangur*: hvers kyns efni eða hlutir sem einstaklingar eða lögaðilar ákveða að losa sig við eða er gert að losa sig við á tiltekinn hátt og falla undir lög þessi.
8. *Úrvinnsla úrgangs*: söfnun, geymsla, böggun, flokkun, flutningur, endurnotkun, endurnýting, pökkun og förgun úrgangs.

#### II. KAFLI

##### Úrvinnslugjald og ráðstöfun þess.

###### 3. gr.

##### *Almennt um gjaldtöku.*

Til að stuðla að úrvinnslu úrgangs skal leggja úrvinnslugjald á vörur, eftir því sem nánar er kveðið á um í lögum þessum. Leggja skal úrvinnslugjald á vörur hvort sem þær eru fluttar inn til landsins eða framleiddar hér á landi.

Úrvinnslugjald skal standa undir kostnaði við meðferð flokkaðs úrgangs á söfnunarstöð, flutning hans frá söfnunarstöð til móttökustöðvar eða endurnýtingarstöðvar, enda hafi verið greitt úrvinnslugjald af vörunum. Þá skal gjaldið standa undir endurnýtingu úrgangsins og förgun hans eftir því sem við á. Jafnframt skal gjaldið standa undir kostnaði við förgun þess úrgangs sem blandast hefur vöru sem greitt hefur verið úrvinnslugjald af, enda sé blöndunin hluti af eðlilegri notkun vörunnar. Úrvinnslugjald skal standa undir kostnaði vegna greiðslu skilagjalda og vegna starfsemi Úrvinnslusjóðs.

## 5.2 Magn innfluttra hjólbarða

Hjólbarðar koma til landsins á tvo vegu, annars vegar sem stakir hjólbarðar en hins vegar á bílum og tækjum. Þyngd þeirra hjólbarða sem koma á bílum og tækjum er áætluð háð gerð farartækisins.

Áætluð magn innfluttra hjólbarða undanfarin 2 ár.

2004	6.300 tonn
2005	8.300 tonn

## 5.3 Söfnunarstöðvar

Svæði I	Sorpsamlag / númer stöðvar	Söfnunarstaður - söfnunarstöð
	<b>Sorpa</b>	
	101	Reykjavík, við Ánanaust
	109	Reykjavík, Jafnaset 8
	110	Reykjavík, Sævarhöfði 21
	112	Reykjavík, Gufunes (Sorpa)
	200	Kópavogur, Dalvegur 1
	210	Garðabær (og Hafnarfj), Miðhraun 20
	270	Mosfellsbær, Blíðubakki
280	Kjalarnes, við Norðurgrund	

Svæði II	Sorpsamlag / númer stöðvar	Söfnunarstaður - söfnunarstöð
	<b>Sorpeyðing Suðurnesja</b>	
	190	Vogar, Jónsvör 9
	230	Reykjanesbær, Berghólabraut 7
240	Grindavík, Nesvegur 1	

Svæði III	Sorpsamlag / númer stöðvar	Söfnunarstaður - söfnunarstöð
	<b>Sorpurðun Vesturlands</b>	
	300	Akranes
	320	Reykholt
	310	Borgarnes
	360	Hellissandur (fyrir Snæfellsbæ)
	350	Grundarfjörður
	340	Stykkishólmur
	370	Búðardalur
380	Reykhólar	

Svæði IV	Sorpsamlag / númer stöðvar	Söfnunarstaður - söfnunarstöð
	<b>Funi sorpbrennsla</b>	
	400	Ísafjörður, Engidal
	415	Bolungarvík
	425	Flateyri
	470	Þingeyri
	430	Suðureyri
	420	Súðavík
	<b>Vesturbyggð og Tálknafjarðarhreppur</b>	
	450	Patreksfjörður
	460	Tálknafjörður

Svæði V	Sorpsamlag / númer stöðvar	Söfnunarstaður - söfnunarstöð
	<b>Sorpsamlag Strandasýslu</b>	
	510	Hólmavík
<b>Húnaþing vestra</b>		
	530	Hvammstangi
	500	Staðarskáli
<b>Austur Húnavatnssýsla</b>		
	540	Blönduós
	545	Skagaströnd
<b>Sveitarfélagið Skagafjörður</b>		
	550	Sauðárkrókur
	565	Hofsós
	560	Varmahlíð
<b>Siglufjarðarkaupstaður</b>		
	580	Siglufjörður
<b>Sorpeyðing Eyjafjarðar</b>		
	625	Ólafsfjörður
	620	Dalvík
	630	Hrísey
	600	Akureyri
	601	Eyjafjarðarsveit
	610	Grenivík
<b>Sorpsamlag Þingeyinga</b>		
	640	Húsavík

Svæði VI	Sorpsamlag / númer stöðvar	Söfnunarstaður - söfnunarstöð
	<b>Raufarhöfn, Kópasker og Þórshöfn</b>	
	675	Raufarhöfn
	670	Kópasker
	680	Þórshöfn
<b>Bakkafjörður, Vopnafjörður</b>		
	690	Vopnafjörður
<b>Sorpstöð Héraðs</b>		
	700	Egilsstaðir
	710	Seyðisfjörður
	720	Borgarfjörður eystri
<b>Sorpsamlag Mið-Austurlands</b>		
	740	Neskaupsstaður
	735	Eskifjörður
	730	Reyðarfjörður
	750	Fáskrúðsfjörður
	755	Stöðvarfjörður
<b>Hornafjörður</b>		
	780	Höfn
	765	Djúpivogur
	781	Svínafell

Svæði VII	<b>Sorpsamlag / númer stöðvar</b>	<b>Söfnunarstaður - söfnunarstöð</b>
	<b>Hula bs.</b>	
	<b>870</b>	Vík í Mýrdal
	<b>880</b>	Klaustur
	<b>Sorpstöð Rangárvallasýslu</b>	
	<b>860</b>	Hvolsvöllur
	<b>850</b>	Hella
	<b>Sorpstöð Suðurlands</b>	
	<b>815</b>	Þorlákshöfn
	<b>810</b>	Hveragerði
	<b>891</b>	Reykholt
	<b>845</b>	Flúðir
	<b>840</b>	Laugarvatn
	<b>892</b>	Grímsnes
	<b>893</b>	Árnes
<b>800</b>	Selfoss	
<b>820</b>	Eyrarbakki	
<b>825</b>	Stokkseyri	

Svæði VIII	<b>Sorpsamlag / númer stöðvar</b>	<b>Söfnunarstaður - söfnunarstöð</b>
	<b>Bæjarveitur Vestmannaeyja</b>	
	<b>900</b>	Vestmannaeyjar

## 5.4 Löggiltar bílavogir á Íslandi

Listi yfir allar bílavogir sem hafa verið löggiltar - Upplýsingar frá Löggildingarstofu 28.2.2003				
	Eigandi	Staðsetning vogar	Aðsetur eiganda	Póstnr.
1	Reykjavíkurborg	Grandagarði		101 Reykjavík
2	Hringrás		Klettagördum	104 Reykjavík
3	Gámaþjónustan		Súðavogi 2	104 Reykjavík
4	Samskip hf	Holttagörðum v. Holtaveg		105 Reykjavík
5	Mjólkurfélag Reykjavíkur		Korngörðum 6	105 Reykjavík
6	Eimskipafélag Íslands		Sundahöfn	105 Reykjavík
7	Fóðurblandan hf		Korngörðum 12	105 Reykjavík
8	Björgun hf		Sævarhöfða 33	110 Reykjavík
9	Sementsverksmiðjan		Sævarhöfða	112 Reykjavík
10	Áburðarverksmiðjan		Gufunesi	112 Reykjavík
11	Malbikunarstöðin Höfði	Sævarhöfða 6-10		112 Reykjavík
12	Sorpeyðing höfuðborgarsvæðisins		Gufunesi	113 Reykjavík
13	Sorpeyðing höfuðborgarsvæðisins		Álfsnesi	116 Reykjavík
14	Fura ehf		Markhelli 14	220 Hafnarfirði
15	Hafnarfjarðarhöfn		Cuxhafengötu	220 Hafnarfirði
16	Gámaþjónustan		Borgarhelli 31	220 Hafnarfirði
17	Hafnarsamlag Suðurnesja		Víkurbraut 11	230 Keflavík
18	Grindavíkurborg		Víkurbraut 62	240 Grindavík
19	Sandgerðishöfn		Tjarnargötu 4	245 Sandgerði
20	Gámaþjónusta Akraness		Kalmansvöllum	300 Akranesi
21	Sementsverksmiðjan hf		Mánabraut 20	300 Akranesi
22	Akraneshöfn			300 Akranesi
23	Norðurál		Grundartanga	301 Akranesi
24	Íslenska járnblendifélagið		Grundartanga	301 Akranesi
25	Sorpurðun Vesturlands		Fífholtum	311 Borgarnesi
26	Stykkishólmsbær		Hafnargötu 6	340 Stykkishólmi
27	Grundarfjarðarhöfn		Grundarfirði	350 Grundarfirði
28	Hafnarsjóður Snæfellsbæjar			355 Ólafsvík
29	Þörungaverksmiðjan hf		Reykhólum	380 Króksfjarðarnesi
30	Ísafjarðarhöfn			400 Ísafirði
31	Bolungarvíkurhofn		Aðalstræti 12	415 Bolungarvík
32	Ísafjarðarhöfn			425 Flateyri
33	Ísafjarðarhöfn			430 Suðureyri
34	Hafnarsjóður Vesturbyggðar			450 Patreksfirði
35	Ísafjarðarhöfn			470 Þingeyri
36	Hólmavíkurborg	Hafnarbraut 25		510 Hólmavík
37	Húnaþing vestra		Hvammstangahöfn	530 Hvammstanga
38	Blönduósbær		Hnjúkabyggð 34	540 Blönduósi
39	Skagastrandarhöfn		Túnbraut 1-3	545 Skagaströnd
40	Sveitarfélagið Skagafjörður			550 Sauðárkróki

41	Sveitarfélagið Skagafjörður			564 Hofsósi
42	Siglufjarðarhöfn		Hafnarbryggju	580 Siglufirði
43	Sorpeyðing Eyjafjarðar	Sorpurðunarsvæði		600 Akureyri
44	Hafnarsamlag Norðurlands	Akureyri	Fiskitanga	600 Akureyri
45	Bústólpi		Strandgötu 63	600 Akureyri
46	Hafnarsamlag Eyjafjarðar	Dalvík		620 Dalvík
47	Hafnarsamlag Eyjafjarðar	Ólafsfirði		625 Ólafsfirði
48	Húsavíkurhöfn		Ketilsbraut 9	640 Húsavík
49	Vopnafjarðarhreppur			690 Vopnafirði
50	Seyðisfjarðarkaupstaður		Hafnargötu 44	710 Seyðisfirði
51	Hafnarsjóður Fjarðarbyggðar	Reyðarfirði	Búðareyri 7	730 Reyðarfirði
52	Hafnarsjóður Fjarðarbyggðar	Eskifirði	Strandgötu 49	735 Eskifirði
53	Hafnarsjóður Fjarðarbyggðar	Neskaupstað		740 Neskaupstað
54	Fáskrúðsfjarðarhöfn			750 Fáskrúðsfirði
55	Djúpavogshreppur		Búlandi 3	765 Djúpavogi
56	Hornafjarðarbær		Hafnarbraut 27	780 Höfn
57	Kjöt mjöl ehf		Austurvegi 56	800 Selfossi
58	Sorpstöð Suðurlands		Kirkjuferjuháleigu	801 Selfossi
59	Þorlákshafnarhöfn		Selvogsbraut 2	815 Þorlákshöfn
60	Sorpstöð Rangárvallasýslu			861 Hvolsvelli
61	Ísfélag Vestmannaeyja		Strandvegi 28	900 Vestmannaeyjum
62	Vestmannaeyjahöfn		Friðarhöfn	900 Vestmannaeyjum

Vogirnar eru mismunandi hvað varðar hámarks lengd ökutækja og hámarksþyngd. Þjónustuaðili kynnir sér sjálfur viðkomandi vogir og vogargjöld.

Sjá ennfremur uppfærða skrá, yfir löggiltar vogir, á slóðinni: <http://us.is/id/1138>

## 5.5 Skráðir ráðstöfunaraðilar hjólbarða hjá Úrvinnslusjóði

Í skránni að neðan eru þeir ráðstöfunaraðilar sem eru á skrá hjá Úrvinnslusjóði þann 1. júní 2006. Ráðstöfunarflokkur segir til um hvaða greiðslur þjónustuaðili fær. Uppfærða skrá er að finna á vef Úrvinnslusjóðs: [www.urvinnslusjodur.is](http://www.urvinnslusjodur.is).

Ráðstöfunaraðilar hjólbarða		
Ráðstöfunaraðilar	Staðsetning	Ráðstöfunar-flokkur
Akureyri	Glerárdalur	III og IV
Blönduós	Draugagil	III og IV
Bæjarveitur Vestmannaeyja	Vestmannaeyjar	I
Funi	Ísafjörður	I
Gúmmívinnslan hf.	Akureyri	I
Hula	A-Eyjafjallahreppur	III og IV
Hvammstangi	Syðri-Kárastaðir	III og IV
Mýrdalshreppur	Uxafótarlækur	III og IV
Sauðárkrókur	Reykjaströnd	III og IV
Skaftárhreppur	Brennsla, Kirkjubæjarklaustri	I
Skagaströnd	Neðri-Hnarrastaðir	III og IV
Sorpa	Álfsnes	III og IV
Sorpbrennsla Suðurnesja	Reykjanesbær	I
Sorpeyðing Miðhéraðs	Tjarnarland	III og IV
Sorpsamlag Mið-Austurlands	Þernunes	III og IV
Sorpurðun Vesturlands h/f.	Fíflholt	III og IV
Sorpstöð Rangárvallasýslu	Strönd	III og IV
Sorpstöð Suðurlands	Kirkjuferjuháleiga	III og IV
Sveitarfélagið Hornafjörður	Lón	III og IV
Sveitarfélagið Hornafjörður	Sorporkustöðin Brennu-Flosi	I
Tálknafjörður	Tálknafjörður	III og IV
Vesturbyggð	Patreksfjörður	III og IV
Vopnafjörður	Búðaröxl	III og IV
Þórshafnarhreppur	Þórshöfn	III og IV
Öxarfjarðarhreppur	Kópasker	III og IV



## 6. EYÐUBLÖÐ

### 6.1 UMSÓKN ÞJÓNUSTUAÐILA TIL ÚRVINNSLUSJÓÐS

#### „Endurnýting og förgun hjólbarda á Íslandi“ UMSÓKN

Til Úrvinnslusjóðs  
Suðurlandsbraut 24  
108 – Reykjavík

Merkja skal í reitina að neðan til staðfestu þess að tilgreindar upplýsingar fylgi umsókn.

#### Almennar upplýsingar

- Almennar upplýsingar um fyrirtækið og starfsemi þess.
- Fjöldi starfsmanna, menntun/reynsla.
- Upplýsingar um gæðastefnu og/eða gæðavottun, séu þær fyrir hendi.
- Upplýsingar um umhverfisstefnu fyrirtækisins.
- Yfirlit yfir helstu verkefni, unnin á sl. 2 árum.
- Staðfesting á að viðkomandi sé í skilum með opinber gjöld og lífeyrisgreiðslur.
- Yfirlýsing frá aðalviðskiptabanka um skilvísi í viðskiptum.
- Starfsleyfi.

#### Upplýsingar er varða verkefnið

- Hvernig umsækjandi hyggst vinna verkið.
- Hvaða tækjabúnað á að nota.
- Almennar upplýsingar um undirverktaka (ef einhverjir).

Umsóknin ásamt fylgiskjölum verða hluti af samningi þjónustuaðila við Úrvinnslusjóð.

Meðhöndlun umsóknar hjá Úrvinnslusjóði er umsækjanda að kostnaðarlausu.

---

Undirskrift

**SAMNINGSFORM**

Verkkaupi	<b>Úrvinnslusjóður</b>	Þjónustuaðili	
Kennitala	<b>530803-3680</b>	Kennitala	
Heimilisfang	<b>Suðurlandsbraut 24 108-Reykjavík</b>	Heimilisfang	
Sími	<b>517 4700</b>	Sími	
Myndsendir	<b>517 4709</b>	Myndsendir	
Netfang	<a href="mailto:urvinnslusjodur@urvinnslusjodur.is">urvinnslusjodur@urvinnslusjodur.is</a>	Netfang	

Þjónustuaðili skuldbindur sig til að þjóna svæðum númer (krossa við) – sjá kafla 2.1.2 og 5.3:

<b>I</b>	<b>II</b>	<b>III</b>	<b>IV</b>	<b>V</b>	<b>VI</b>	<b>VII</b>	<b>VIII</b>
----------	-----------	------------	-----------	----------	-----------	------------	-------------

Þjónustuaðilanum er óheimilt að sækja hjólbarða sem eru á öðrum svæðum.

Mesta magn hjólbarða sem vera má í starfsstöð(vum) þjónustuaðila, er \_\_\_\_\_ tonn alls. Framkvæmd skal vera í samræmi við skilmála nr. ÚRVS-XVI-02.

Fyrir verkið greiðir Úrvinnslusjóður samkvæmt gildandi gjaldskrá sjóðsins á hverjum tíma.

Samningur þessi er gerður í 2 samhljóða eintökum, eitt fyrir hvorn samningsaðila. Samningurinn gildir í 12 mánuði frá undirritun.

Staður og dagsetning \_\_\_\_\_

F.h. Úrvinnslusjóðs

F.h. þjónustuaðila

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

Vottar

\_\_\_\_\_

kt. \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

kt. \_\_\_\_\_

Að samningi gerðum verður nafni þjónustuaðila ásamt upplýsingum um þjónustusvæði bætt á lista sjóðsins á vefsíðunni [www.urvinnslusjodur.is](http://www.urvinnslusjodur.is).

## 6.2 UMSÓKN RÁÐSTÖFUNARAÐILA TIL ÚRVINNSLUSJÓÐS „Endurnýting og förgun hjólbarða á Íslandi“

Til Úrvinnslusjóðs  
Suðurlandsbraut 24  
108 – Reykjavík

Ráðstöfunaraðili	
Kennitala	
Heimilisfang	
Borg / bær	
Land	
Forsvarsmaður	
Sími	
Myndsendir	
Netfang	

Merkja skal í viðeigandi reiti:

- Umsækjandi hyggst sjálfur vinna að endurnýtingu hjólbarða.
- Umsækjandi er umboðsaðili erlends endurnýtingaraðila.
- Óskað er nafnleyndar umbjóðanda umsækjanda.
- Umbjóðandi umsækjanda er endurnýtingarfyrirtæki.
- Umbjóðandi umsækjanda er erlendur umboðsaðili sem ráðstafar hjólbörðum áfram til 3ja aðila.

Merkja skal í reitina að neðan til staðfestu þess að tilgreindar upplýsingar fylgi umsókn.

### Almennar upplýsingar

- Almennar upplýsingar um fyrirtækið og starfsemi þess.
- Starfsleyfi

### Upplýsingar er varða verkefnið

- Hvernig ráðstöfunaraðilinn hyggst endurnýta/endurnota hjólbarða.  
eða
- Hvernig hyggst umbjóðandi ráðstöfunaraðila endurnýta/endurnota hjólbarða.

\_\_\_\_\_  
F.h. ráðstöfunaraðila

Ef gögn teljast fullnægja kröfum Úrvinnslusjóðs mun upplýsingum um ráðstöfunaraðilann verða bætt á lista sjóðsins á vefsíðunni [www.urvinnslusjodur.is](http://www.urvinnslusjodur.is) en annars verður óskað ítarlegri gagna.



Framhald:

**Skilgrein þjónustuaðila til Úrvinnslusjóðs vegna hjólbarda - síðari hluti**

**Ráðstafað** skv. meðfylgjandi STAÐFESTINGUM

Kennitala	Ráðstöfunaraðili / móttökustöð	Skýring	Flokkur:			
			Brennstla kg	Endurvinnsla kg	Notkun á urð.st. kg	Stórir hjólb IV kg
654321-8988	Brennuvargur ehf		16.000			
878787-5252	Endurnýtingarbasilið hf			5.000		
898989-8888	Haugar hf				1.500	5.000
565656-3232	Sorphaugar bs					
262626-6565	Gúmmigerðin			3.000		
Samtals			16.000	8.000	1.500	5.000
<b>Samtals</b>						<b>Reitur D &gt; 30.500</b>

**Greiðslur fyrir ráðstöfun hjólbarda**

Ráðstöfun	Magn kg	Einingarverð kr/kg	Upphæð kr.
Til brennslu með orkunýtingu.....	16.000	35	560.000
Til endurnýtingar innanlands eða utan.....	8.000	40	320.000
Flutningsgjöfnun fyrir flokk I og II.....	24.000	2,53	60.717
Til notkunar á urðunarstöðum, kurtað.....	1.500	27	40.500
Til urðunar, þvermál hjólbarda metra en 1,4m.....	5.000	25	125.000
Samtals			1.106.217
VSK 24,5%			271.023
<b>Samtals</b>			<b>1.377.240</b>

Inneign flutningsgjöfnunar minnkar vegna urðunar

Reitur H = D <sub>1</sub> x G	
Færst í reit B á næsta uppgjöri	
<b>50.850</b>	
Reitur J = F - H - I	
Reitur I = D <sub>2</sub> x G	
16.444	

**Birgðir**

Staða	kg
Birgðir í upphafi tímabils.....	500 A
Móttekið á tímabilinu.....	50.100 C
Ráðstafað á tímabilinu.....	30.500 D
<b>Birgðir í lok tímabils</b>	<b>A+C-D= 20.100</b>
	Færst í reit A á næsta uppgjöri

Undirritun: \_\_\_\_\_